

sem koma til Íslands frá löndum þeim, er nefnd eru hér að framan, verður að breinsa með klóri, áður en þau sé seld eigand-
anum í hendur til frjálsra nota.

1865.
12. okt.

Þetta er yður hérmeð kunngjört, herra (tit.), sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það á þann hátt, sem yður þykir best við eiga.

91. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um breyting á lögum þeim, sem nú gilda á Íslandi um vegabréf.

12. okt.

Eptir að stiptamtíð samkvæmt áskorun dómsmálastjórnarinnar hafði látið það álit sitt í ljósi í bréfi dagsettu 4. júnímán. 1863, að réttast væri að láta ákvarðanir þær, er nú gilda um vegabréf á Íslandi, haldast óbreyttar, það stjórnarráðið stiptamtíð í bréfi 15. júlímán. f. á. um að skýra frá álitinu um uppástungu nokkra, er amtmaðurinn yfir norður- og austur-umdæminu hafði komið fram með; var uppástungan þess efnis, að í stað þeirrar tilhögunar, sem nú er á málefni þessu, skuli verða skipað svo fyrir, að hverjum manni, þegar hann er fermdur, skuli fengið skjal eða bók, er löggilt sé af sóknarprestinum; skuli ritað í hana, hvenær hlutaðeigandi sé fæddur, skírður, fermdur og jafnvel bólusettur, og sé hann skyldur til, hvenær sem hann flytur sig úr einum hrepp í annan, að fá hlutaðeigandi hreppstjóra til að skrifa í bókina vitnisburð um, hversu lengi og í hvaða stöðu hann verið í hrepp þeim, er hann nú fer úr, og hvenær hann hafi komið í hrepp þann, er hann flutti sig í. Stiptamtíð hefir síðan látið í ljósi í bréfi dagsettu 1. septembermán. s. á., að uppástunga þessi naumast sé svo löguð, að fallizt verði á hana, og í öllu falli virðist ekki vera nein þörf á, að gjörðar séu ráðstafanir þær, sem uppástungan miðar til.

Eptir að dómsmálastjórnin enn á ný hefir íhugað málefni þetta, skulum vér geta þess, sem hér á eptir greinir, um það, hvort ástæða sé til að breyta ákvörðunum þeim, sem nú gilda á Íslandi um vegabréf.

1865.
12. okt.

Það hefir aldrei verið boðið í lögum, að þeir, sem koma til Íslands frá Danmörku eða útlöndum, skuli hafa vegabréf. Að vísu var þess jafnaðarlega krafizt áður fyrir meir, að ferðamenn, sem komu frá Danmörku, skyldu sýna vegabréf sín, en nú á það sér vafalaust ekki lengur stað, eptir að menn eru hættir að heimta hær, að þeir, sem ferðast hëðan til Íslands, skuli fá sér vegabréf. Apturámóti eiga þeir, sem fara frá Íslandi til Danmerkur eða útlanda, eptir lögunum að hafa vegabréf; en eptir að menn nú eru hættir í Danmörku að krefjast þess, að ferðamenn, sem koma frá Íslandi, skuli sýna vegabréf sín, má ætla, að menn sèu að mestu leyti hættir að fá sér vegabréf, þegar þeir fara frá Íslandi. Þegar þessu næst er að ræða um vegabréf á Íslandi sjálfu, þá hefir aldrei verið til nein almenn lagaákvörðun um það, að menn þurfi á vegabréfi að halda, þegar menn ferðast eitthvað innanlands; apturámóti er skipað fyrir, að hafa vegabréf einasta í tveim tilfellum, í fyrsta lagi, þegar maður fer úr einni sýslu í aðra, og ætlar sér að setjast þar að, annaðhvort fyrir fullt og allt eða um tíma, smbr. konungsbréf 11. aprilmán. 1781, í öðru lagi þegar svo er ástatt, sem konungsbréf 10. marzmán. 1784 og reglugjörð 8. janúarmán. 1834 22. grein gjörir ráð fyrir.

Af því sem nú hefir sagt verið leiðir, að eins og það gat ekki verið umtalsmál áður fyrri að löggilda opið bréf 7. ágústmán. 1846 á Íslandi, að svo miklu leyti, sem það nemur úr lögum skyldu þá, að hafa vegabréf, þegar menn ferðast innanlands, eins væri það nú þýðingarlaust að fara að löggilda lögin frá 12. febrúarmán. 1862 á Íslandi. Það sem því í raun og veru er um að ræða í þessu málefni, er það, hvort ástæða sè til að nema úr lögum skylduna til að hafa vegabréf í því tilfelli, sem um er rædt í konungsbréfinu frá 1781, því að það er vitaskuld, að ekki getur verið umtalsmál að leysa menn undan að hafa vegabréf í hinu tilfallinu, sem reglugjörð 8. janúarmán. 1834 22. grein ræðir um. Um þetta skal dómsmálastjórnin nú geta þess, að þar sem ákvörðunin í konungsbréfinu frá 1781 hefir verið skilin svo, að einnig hefir verið krafizt vegabréfa af þeim, sem ferðast í aðra sýslu, til þess að

1865.

12. okt.

dvelja þar stuttan ákveðinn tíma, einkum um sláttinn eða um vertíðina, þá virðist það ekki vera samkvæmt tilgangi þeim, sem tekinn er fram í konungsbréfinu sjálfu, að skilja það svo, en tilgangurinn er sá, að stemma stiga fyrir, að menn, með því að fara burt úr sýslunni og setjast að einhverstaðar langt í burtu þaðan, komi sér undan skuldbindingum, sem þeir hafa tekizt þar á hendur, eða hegningu fyrir lagabrot, er þeir hafa framíð þar; en þetta virðist ekki eiga við um þá, sem ferðast burt án þess að yfirgefa heimili sitt fyrir fullt og allt, og ætla sér að hverfa þangað aptur að stuttum tíma liðnum. Hvað þá menn snertir, sem svona er ástatt fyrir, virðist það vera öldungis óþarft, að gjöra slíka takmörkun á frelsi þeirra, og yfirhöfuð að tala er það varla samkvæmt hugsunarhætti vorra tíma, að láta þegnana vera háða þesskonar umsjón af hálfu hins opinbera, sem konungsbréfið ætlast til. Að vísu á bæði hið opinbera og einstakir menn sökum fjærlægðar erfiðara með á Íslandi en annarstaðar að ná rétti sínum hjá manni, sem hefir flutt sig á einhvern stað í landinu, sem er mjög langt burtu, en þó svo sé, virðist það ekki að geta réttlætt að halda uppi ákvörðun, sem miklum hluta landsmanna er töluverður bagi að. Það er líka heldur en ekki sjálfu sér ósamkvæmt, að heimta vegabréf af þeim, sem fara í aðra sýslu innanlands, en apturómóti ekki af þeim, sem fara af landi burt.

Að svo mæltu eruð þér bednir, herra stiptamtmaður, áður en lengra er haldið úti málefni þetta, og um leið og vísað skal í útdrátt þann af uppástungum Havsteins amtmanns, er sendur var í eptirriti með áður nefndu bréfi stjórnarráðsins 15. júlímán. f. á., að láta alla sýslumennina í umdæmi því, sem þér eruð settir yfir, skýra fra álitu sínu, hvort þeim finnist vera ástæða til að nema konungsbréfið frá 11. aprílmán. 1781 úr gildi, og um uppástungu þá, sem Havstein amtmaður hefir komið fram með, að koma á bókum þeim, sem getið er um hér að framan. Erúð þér bednir að senda álitsskjöl þessi hingað og láta um leið í ljósi álit sjálfs yðar á málefni þessu.¹

¹) Sama dag voru hinum amtmönnum rituð bréf sama efnis.